Hér fyrir neðan er lítil saga þar sem eru orð sem innihalda and Gerðu hring utan um orðin sem þú finnur sem eru með and og skrifaðu þau svo á línurnar neðar á síðunni.

Anna æfir handbolta og er nú á leið til útlanda á handboltamót. Hún hefur brennandi áhuga og elskar handboltaæfingarnar. Henni finnst spennandi að fara til annarra landa. Mamma kemur með til Hollands og verður áhorfandi á öllum leikjunum. Anna er að pakka niður og er brosandi þegar hún setur handklæðið og sundfötin í töskuna. Anna tekur lukkuarmbandið sem fléttað er úr bandi með sér, henni finnst það styrkjandi og hvetjandi. Farið verður fljúgandi til Hollands og svo akandi til borgarinnar sem mótið verður haldið í.